

Miðvikudaginn 14. nóvember 1962.

Nr. 139/1962. **Árni Friðriksson**

gegn

Marínó Jónssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Frávisun héraðsdóms staðfest.

Dómur Hæstaréttar:

Með kæru 15. október 1962 og hingað kominni 23. s. m. hefur sóknaraðili kært til Hæstaréttar frávisunardóm bæjarþings Reykjavíkur, uppkveðinn 6. október 1962, í máli sínu gegn varnaraðilja og gagnsök. Krefst sóknaraðili, að hinn kærði dómur verði felldur úr gildi og varnaraðili dæmdur til að greiða honum kærumálskostnað.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og kærumálskostnaðar úr höndum sóknaraðilja.

Sóknaraðili hefur lagt fram ýmis ný gögn í Hæstarétti.

Samkvæmt gögnum þeim, sem lágu fyrir héraðsdómi, er hinn kærði dómur var kveðinn upp, hefur héraðsdómarinn veitt rétta úrlausn í málinu, og ber því að staðfesta héraðsdóminn.

Eftir þessum úrslitum ber sóknaraðilja að greiða varnaraðilja kærumálskostnað, sem ákveðst kr. 600.00.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Árni Friðriksson, greiði varnaraðilja, Marínó Jónssyni, kærumálskostnað, kr. 600.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 6. október 1962.

Mál þetta, sem dómtekið var 25. f. m., höfðaði Árni Friðriksson, Birkeröd, Danmörku, með utanréttarstefnu, birtri 6. júlí 1961, gegn Marínó Jónssyni, Hávallagötu 9, Reykjavík, til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 56.429.20 ásamt 6% ársvöxtum frá 16.

febrúar 1957 til 22. febrúar 1960, 10% ársvöxtum frá þeim degi til 29. desember s. á. og 8% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, svo og til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi krafðist sýknu af dómkröfum stefnanda gegn greiðslu á kr. 6.734.00, svo og krafðist hann málskostnaðar úr hendi stefnanda að skaðlausu.

Með stefnu, útgefinni 2. október 1961, höfðaði aðalstefndi gagnsök á hendur aðalstefnanda til greiðslu á skuld, að fjárhæð kr. 17.715.00 með 6% ársvöxtum frá 16. febrúar 1957 til 22. febrúar 1960, 10% ársvöxtum frá þeim degi til 29. desember s. á. og 8% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, svo og til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu.

Gagnstefndi krafðist sýknu af kröfum gagnstefnanda í gagnsök og málskostnaðar úr hendi hans að skaðlausu.

Við munnlegan flutning málsins breytti aðalstefnandi hæð vaxtakröfu sinnar í aðalsök. Krafðist hann 9% ársvaxta, þar sem áður var krafizt 10%, og 7% ársvaxta, þar sem áður var krafist 8%.

Í aðalsök sundurliðar stefnandi kröfur sínar þannig:

Húsaleiga	kr. 29.250.00
Pr. seldar töskur	kr. 13.651.00
Umboðslaun	— 2.730.20
Peningalán	— 38.100.00
Jöfnuður	— 56.429.20

Í greinargerð lögmanns stefnanda í aðalsökinni er gerð nánari grein fyrir hinum einstöku kröfuliðum. Um hinn fyrsta segir svo: „Á öndverðu ári 1955 tók stefndur á leigu þrjú herbergi í kjallara húss umbjóðanda míns, Höfn á Seltjarnarnesi. Fyrri kona umbjóðanda míns, Eba Bagge Friðriksson, mun hafa gert leigumála við stefnanda án samráðs við umbjóðanda minn og án umboðs frá honum. Veit umbjóðandi minn því eigi um hæð leigugjalds, en stefndi rak iðnað í húsnæðinu, töskugerð. Virðist því sanngjarnt að krefjast 1500 króna leigu á mánuði, svo sem umbjóðandi minn hefur gert.“

Að því er varðar annan og þriðja liðinn, „seldar töskur“ og „umboðslaun“, segir svo í greinargerð lögmannsins: „Þann 4. nóv. 1955 hóf Sápuhúsið h/f, er var eign umbjóðanda míns og fyrri konu hans og að nafninu til þriggja annarra, að taka af stefndum töskur í umboðssölu. Stóðu þau viðskipti til 7. febrúar 1956. Liggja frammi nótur um afhendingu á töskum þessum.“

Stefnandi reiknar stefnda til skuldar 20% í umboðslaun.

Priðji liðurinn í kröfugerð stefnanda er peningalán, er stefndi hafi fengið hjá Sápuhúsinu h/f.

Kröfur gagnstefnanda í gagnsökinni eru annars vegar andvirði seldra taskna, sem hann kveðst hafa selt Sápuhúsinu h/f, svo og andvirði búðardisks og sýningarskáps, er hann hafi einnig selt Sápuhúsinu h/f.

Frú Eba Bagge Friðriksson andaðist hinn 11. janúar 1957.

Engin lýsing liggur fyrir í málinu á húsnæði því, sem aðalstefndi hafði á leigu í húsinu Höfn á Seltjarnarnesi, né heldur liggur fyrir mat á hæfilegu leigugjaldi eftir það. Er því ekki unnt að gera sér grein fyrir réttmæti kröfuliðs aðalstefnanda að því leyti.

Aðrir hlutar í kröfulið aðalstefnanda svo og krafa gagnstefnanda í gagnsökinni eru viðvíkjandi viðskiptum Sápuhússins h/f. Engin grein hefur verið gerð fyrir erfðaskiptum eftir frú Eba Bagge Friðriksson. Heldur ekki hefur verið upplýst í málinu, hvort hlutafélaginu Sápuhúsinu hefur verið slitið eða eigi.

Að þessu athuguðu þykir rekstur máls þessa alls brjóta svo mjög í bág við ákvæði laga nr. 85/1936 um skýran mála-tilbúnað, rækilega gagnasöfnun og fullnægjandi reifun máls, að vísa beri því frá dómi, bæði í aðalsök og gagnsök, ex officio.

Rétt þykir, að hvor málsaðili um sig beri kostnað sinn af málinu.

Emil Ágústsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Máli þessu, aðalsök og gagnsök, er sjálfkrafa vísað frá dómi. Málskostnaður fellur niður.
